



Ljósmaður sem hættu störfum á Landspítalanum í gær lögðu vinnuskó sína á tröppur stjórnarráðsins í mótmælaskyni við það sem þær kalla aðgerðaleysi af hálfu ríkisins. Ljósmaður samþykktu yfirvinnubann í gær sem tekur gildi eftir rúmar tvær vikur ef ekki semst. Neyðaráætlun hefur verið sett af stað á Landspítalanum vegna stöðunnar. Sjá síðu 4 FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Nota útlendar ávísanir til að ná sér í lyf

Fíknilyf frá læknum sem starfa í útlöndum leyst út 24 sinnum í fyrra. Einstaklingur í fíknivanda leysti út stóran skammt af sterku lyfi. Girt fyrir afgreiðslu slíkra lyfseðla.

HEILBRIGÐISMÁL Lyfjastofnun telur vísbendingar liggja fyrir um óábyrgar lyfjaávisanir lækna sem starfa á Evrópska efnahagssvæðinu á ávana- og fíknilyf sem hafa verið afgreiddar í íslenskum apótekum. Á síðasta ári komu upp 24 tilvik þar sem einstak-

ingar leystu út ávanabindandi lyf með lyfjaávisunum frá læknum með starfsleyfi á EES-svæðinu.

Ólafur B. Einarsson, verkefnastjóri lyfjamála hjá Embætti landlæknis, segir að þegar grunur vakni hjá lyfjafræðingi í apóteki um að verið sé að ávísa óæskilegu lyfi á fólk í fíknivanda verði að vera hægt að hafa samband við lækni. „Sem getur verið erfitt milli landa,“ bendir hann á.

Embætti landlæknis sinnir eftirliti með ávisunum lækna á Íslandi og þar með talið íslenskra lækna sem eru búsettir erlendis en ávísa á fólk sem býr hér á landi. „Margir íslenskir lækna starfa erlendis,“ segir Ólafur.

„Þessar ávísanir voru skoðaðar

vegna atviks sem átti sér stað þegar einstaklingur, sem átti við misnotkunarvanda að stríða, leysti út stóran skammt af sterku verkjalyfi en það var dæmi um óábyrga ávisun og afgreiðslu hættulegs lyfs,“ segir Ólafur og telur til verkjalyf sem falla í þann flokk: „Fentanýl, kódeín, kódeín í blöndum, morfín, oxýkódon, petidín og tramadol.“

Frá og með 1. júlí gilda ekki lengur hér á landi lyfjaávisanir lækna sem hafa starfsleyfi á EES-svæðinu, þar sem ávísad er lyfjum sem almennt eru skilgreind sem ávana- og fíknilyf. Lyfjaávisanir lækna sem hafa starfsleyfi á EES-svæðinu á önnur lyf halda áfram gildi sínu.

„Reglurnar eru nýmæli en eiga sér

Þessar ávísanir voru skoðaðar þegar einstaklingur, sem átti við misnotkunarvanda að stríða, leysti út stóran skammt af sterku verkjalyfi.

Ólafur B. Einarsson, verkefnastjóri



fordæmi annars staðar frá í Evrópu,“ segir í svari Lyfjastofnunar við fyrirspurn Fréttablaðsins.

„Þetta nýja ákvæði er tilkomið sökum þess að hvorki íslensk yfirvöld

né lyfjafræðingar sem afgreiða lyfseðla í apóteki hafa aðgang að skilvirkum úrræðum til að ganga úr skugga um lögmæti slíkra lyfjaávisana. Engin miðlæg upplýsingagátt er til staðar þar sem sannreyna má starfsleyfi lækna á Evrópska efnahagssvæðinu í heild. Þar sem almennt er talin meiri hættu á misferli við ávísanir lyfja þegar um er að ræða ávana- og fíknilyf var talið skynsamlegast að takmarka þessa heimild lyfjafræðinga með þessum hætti,“ segir í svarinu.

Ólafur tiltekur að miðað við þær ábendingar sem borist hafi embættinu sé reyndar mun algengara að Íslendingar leysi lyfin út í apótekum erlendis og komi með þau til landsins. – **kb**

Síðasti sjéns í körfunni í dag

KÖRFUBOLTI Ísland mætir Finnlandi í Helsinki í síðasta leik sínum í F-riðli undankeppni HM 2019 í körfubolta í dag. Leikurinn hefst klukkan 15.45.

Eftir tapið fyrir Búlgaríu á föstudaginn er ljóst að Ísland þarf að vinna sterkt finnskt lið í dag til að komast í milliriðla undankeppninnar.

Þetta er þriðji leikur Íslands og Finnlands á innan við ári. Finnar unnu leik liðanna á EM en Íslendingar höfðu betur þegar liðin mættust í undankeppni HM í Laugardalshöllinni í febrúar.



– ips

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Guðlaugur Þór Þórðarson skrifar um Ísland og mannréttindi. **8**



TÍMAMÓT Í dag eru sjötíu ár síðan íslenska karlalandsliðið í fótbolta vann sinn fyrsta leik. **16**

LÍFÍÐ Íslenska rokkhljómsveitin Vintage Caravan er í hópi með stórstjórnun á borð við Eminem og Robbie Williams. **22**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK
• FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Betolvex B-12



Fæst án lyfseðils

Actavis

NUTRILENK öflugur liðstyrkur



innocent

Hörkustöff frá náttúrunni.

Í flösku.



Veður



Í dag er kunnulegt stef ráðandi, vestlæg átt og þokusúld á vestanverðu landinu en bjartviðri og hýtt eystra. Þó gæti líka verið finasta veður á hálendinu og ekki útilokað að stytta upp og létti til vestan til í kvöld. Hiti 8 til 14 stig vestanlands en 15 til 20 stig fyrir austan. **SJÁ Síðu 18**



Sauðfé hefur í langan tíma verið rekið á fjall á sumrin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Segir land sitt nýtt í leyfisleysi

SVALBARÐSSTRÖND Stefán Tryggvason, eigandi jarðarinnar Þórisstaða í Svalbarðsstrandarhreppi við Eyjafjörð, telur sauðfjäreigendur, í skjóli hreppsins, beita land hans án leyfis.

Sveitarstjórn hefur í áráðir leyft að sauðfé sé sleppt á land í eigu hans í Vaðlaheiði og vill hann fá svör frá hreppnum af hverju slíkt er gert. „Fyrir mér snýst þetta um prinsipp. Vaðlaheiðin er ekki afréttur eða almenningur og hefur aldrei verið,“ segir Stefán sem sent hefur sveitarstjórn spurningar og krefst svara fyrir ágústlok ellegar fer hann með málið til umboðsmanns Alþingis.

● ● **Ég hef oft lýst þessu sem svo að offitusjúklingum sé leyft að stela kexi í búri hjá fólki ef búrið er ekki læst.**

„Að mínu mati stenst þetta ekki eignaréttarákvæði stjórnarskrár að aðrir megi nýta mitt land án leyfis og að hreppurinn ákveði það fyrir mig,“ bætir Stefán við. „Mér er skipað að girða af eigið land gegn ágangi bújár í stað þess að það sé í hina áttina. Ég hef oft lýst þessu sem svo að offitusjúklingum sé leyft að stela kexi í búri hjá fólki ef búrið er ekki læst. Nú er bara svo komið að færri og færri hafa sauðfé og því á það að vera eigenda þeirra að halda fé sitt á eigin landi.“ - sa

Ríða á vaðið



Landsmót hestamanna hófst í gær á keppnisvæði Fáks í Viðidal, á keppni í barna- og unglingsflokkum. Búist er við allt að tíu þúsund gestum á Landsmótið að þessu sinni, en nokkrar reiði gætir meðal gesta vegna þeirrar ákvörðunar stjórnar Landsmótsins að banna myndbandsupptökur til að birta á netinu eða í sjónvarpi. Stjórnin ber fyrir sig einkaréttarsamning sem gerður var vegna sjónvarpsútsendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Skila tvöfalt meiri arðsemi

VIÐSKIPTI Nýsköpunarfyrirtæki sem konur hafa stofnað skila fjárfestum meiri arðsemi en nýsköpunarfyrirtæki sem karlar stofna, eða yfir tvöfalt meiri arðsemi á hvern dollara sem er fjárfestur. Konur eiga hins vegar miklu erfiðara með að fá fjárfesta til liðs við sig.

Konurnar þurfa oftast að sanna getu sína en karlar auk þess sem karlkyns fjárfesta skortir oft þekkingu á vörum og þjónustu sem konur setja á markað fyrir kynsystur sínar.

Þetta kemur fram í skýrslu ráðgjafarfyrirtækjanna Boston Consulting Group og MassChallenge sem hafa rannsakað mun á fyrirtækjum kvenna og karla. - ibs



Markaði djúp spor og breytti fjölmiðlunum

Jónas Kristjánsson lést þann 29. júní. Hann var brautryðjandi frjálsrar blaðamennsku á Íslandi. Útgefandi Fréttablaðsins og fyrrverandi ritstjóri unnu fyrir Jónas þegar þau hófu feril sinn í fjölmiðlum. „Fyrst og fremst frábær ritstjóri.“

MINNING Jónas Kristjánsson, fyrrverandi fréttastjóri og ritstjóri, lést þann 29. júní síðastliðinn. Hann var brautryðjandi frjálsrar og óháðrar blaðamennsku hér á landi en hann vann við blaðamennsku í hartnær hálfa öld ásamt því að skrifa bækur um hugðarefni sín.

„Jónas á eina glæstustu sögu sem nokkur íslenskur blaðamaður á. Hann skóp ásamt öðrum frjálsa íslenska fjölmiðlun og hafði þar fyrirmyndir utan úr heimi. Hann breytti íslenskri fjölmiðlun með því að stofna frjálst, óháð dagblað um 1975. Fyrir þann tíma var allt falsfréttir og skrifað á pólitískum forsendum,“ segir Mikael Torfason, fyrrverandi ritstjóri hjá DV og 365. „Einnig menntaði hann upp nokkrar kynslóðir blaðamanna. Ég þar gæfu til að stíga mín fyrstu skref þar sem hann var ritstjóri.“

Jónas hóf störf á Tímanum árið 1961. Hann starfaði síðar á Visi sem fréttastjóri og ritstjóri. Hann var einn stofnendur Dagblaðsins árið 1975 og starfaði þar til ársins 1981 sem ritstjóri þar til Dagblaðið og Visir sameinuðust í DV árið 1981. Þar vann hann sem ritstjóri í tvo áratugi. Einnig starfaði hann sem ritstjóri Fréttablaðsins og útgáfustjóri hjá Eidfaxa.

„Hann var snillingur í að skrifa stuttan og hnitmiðaðan texta og

Mikael Torfason og Kristin Þorsteinsdóttir.



Jónas Kristjánsson lést þann 29. júní síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

● ● **Hann var snillingur í að skrifa stuttan og hnitmiðaðan texta og barði þessu í okkur ungu blaðamennina.**

Kristin Þorsteinsdóttir, útgefandi Fréttablaðsins

barði þessu í okkur ungu blaðamennina sem unnum hjá honum. Hann var fyrst og fremst frábær ritstjóri sem liðsinnnti okkur ungu blaðamönnum,“ segir Kristin Þorsteinsdóttir, útgefandi Fréttablaðsins. Hún vann undir stjórn Jónasar í árdaga DV í byrjun níunda áratugarins.

Jónas markaði djúp spor í fjölmiðlasögu Íslands og breytti fjölmiðlunarlögunu með tilkomu óháðrar fjölmiðlunar. „Hann hafði þá náðargáfu að vera jafnt í senn hinn reyndi lærifaðir og hinn reiði ungi maður og tapaði því aldrei að krefjast réttlætis,“ bætir Mikael við. „Kannski voru það okkar helstu mistök að hlusta ekki nægilega mikið á Jónas.“ sveinn@frettabladid.is

VELDU GÆÐI!

3 TEGUNDIR AF SÚRDEIGSBRAUÐUM



www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35
Fálkagata 18



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

AURIS

Sjálfhlaðandi Hybrid



Auris - verð frá: 2.970.000 kr.
Auris Hybrid - verð frá: 3.290.000 kr.

HYBRID Orkuskiptin eru hafin! Gríptu tækifærið og kaupu Hybrid á góðum kjörum.

Finndu gleðina í hljóðlátum og liprum Auris, hvort heldur með bensínvél eða í Hybrid útfærslu sem hleður sig sjálf í akstri. Lífgaðu upp á daginn með fararskjóta sem skartar ríkulegum staðalbúnaði og tekur sig jafn vel út að innan og utan. Láttu hjartað ráða för í sumar.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

Vildarpunktur Icelandair með öllum nýjum Toyotum.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Laun voru óvart dregin af starfsmönnum Vínbúðanna

VINNUMARKAÐUR Mistök urðu við útborgun launa hjá Vínbúðunum fyrir helgi sem ollu því að nokkrir starfsmenn sem eru í viðskiptum við Arion banka fengu ekki laun heldur var launaupphæðin dregin af þeim. „Auðvitað veldur þetta óþægindum og okkur þykir þetta mjög miður,“ segir Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri Vínbúðanna.

Ástæðuna má rekja til þess að fyrir helgi urðu ÁTVR á mistök við útreikning launa og rangur launabunki var sendur Íslandsbanka, viðskiptabanka

ÁTVR, sem greiðir út launin til starfsfólks. Fljótlega varð stjórnendum ljóst að launin höfðu ekki verið greidd rétt út og voru þau því bakfærð. Hluti starfsmanna fékk svo launin rétt greidd inn á sinn launareikning.

Starfsmenn fyrirtækisins, sem eru í viðskiptum við Arion banka, lentu aftur á móti í þeim leidu mistökum að laun þeirra voru bakfærð í tvígang og ekki gekk að leiðrétta þau. „Það fer frá okkur röng færsla til bankans og leiðrétting fer í gang stuttu síðar. Hins vegar tekst ekki að leiðrétta hjá hluta

Auðvitað veldur þetta óþægindum og við höfum verið í sambandi við okkar starfsfólk. Þetta eru leiðinleg mistök.

Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri Vínbúðanna



þeirra sem fengu laun. Af þeim 530 starfsmönnum sem fá greidd laun frá okkur lenda 40 starfsmenn í þessum mistökum,“ segir Sigrún Ósk.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kom þetta illa við nokkra starfsmenn Vínbúðanna. Starfsmenn sem vildu ekki ræða þetta undir nafni segja að fyrirtækið hafi reynt allt hvað það gerði til að leiðrétta mistökin en án árangurs. Einhverjir starfsmenn hafi því lent í mínus í bankanum vegna þessa.

Þó að Vínbúðin þurfi ekki að greiða

laun fyrr en fyrsta virka dag hvers mánaðar hefur fyrirtækið alltaf viljað gera vel við sína starfsmenn með því að greiða út fyrir helgi ef nýr mánuður rennur upp um helgi.

„Auðvitað veldur þetta óþægindum og við höfum verið í sambandi við okkar starfsfólk. Þetta eru leiðinleg mistök. Við verðum í sambandi við þá einstaklinga strax í bítið til að leysa þetta fljótt og örugglega í samstarfi við starfsfólk. Margir fengu laun greidd en hluti fékk þau ekki,“ bætir Sigrún Ósk við. – sa

Seehofer býðst til að segja af sér

ÞÝSKALAND Horst Seehofer, innanríkisráðgjafi Þýskalands, hefur boðist til að segja af sér. Ástæðan er ósætt milli hans og kanslarans Angelu Merkel um hvaða stefnu skuli taka í mál-efnum flóttamanna.

Fyrir rúmri viku sagði Seehofer að næði Merkel ekki samkomulagi milli Evrópuríkja í málefnum flóttamanna myndi Þýskaland snúa þeim við á landamærum sínum. Merkel tók slíkt ekki í mál og er staðan nú í hnút.



Horst Seehofer, innanríkisráðgjafi Þýskalands.

Að sögn þýskra miðla gæti ósættid orðið til þess að ríkisstjórnin verði frá að hverfa en auk fyrrgreindra flokka eiga Sósíaldemókratar sæti í stjórn. Erfitt reyndist að mynd ríkisstjórn eftir kosningar og var stjórnarkreppa um mánaða skeið. – jõe

Minnst fjórir látnir í úrhelli

RÚMENÍA Minnst fjórir eru látnir og þúsundir hafa yfirgefið heimili sín í austurluta Rúmeníu vegna úrhellis síðustu daga. Flóðavíðvörun gefin út í stærstum hluta landsins.

Hermenn hafa verið kallaðir út til að aðstoða íbúa en rafmagnslaust er víða og vegir ónýtir vegna vatnavaxta. Þá hefur vatnsflaumur eyðilagt brýr og mannvirki.

Júnimánuður var sá votasti í landinu í yfir fjórutíu ár en úrkoma í mánuðinum mældist yfir 140 millimetrar. Búið er við að ofankomunni sloti í dag og að veðurguðirnir verði hliðhollir landsmönnum í hreinsunar- og uppbyggingarstarfi sem nú fer í hönd. – jõe

Ljósmaður vilja leiðréttingu en ekki hækkun umfram aðra

Ljósmaður samþykktu yfirvinnubann í gær en það tekur gildi eftir rúm- ar tvær vikur ef sam- ingar nást ekki. Formaður samninganefndar ljósmæðra vonar að til þess komi ekki. Neyðar- áætlun hefur verið sett af stað á Landspítalanum vegna stöðunnar.

KJARAMÁL Formaður samninganefndar ljósmæðra segir félagsmenn fara fram á launaleiðréttingu en ekki launahækkanir umfram aðrar stéttir. Að óbreyttu mun yfirvinnubann ljósmæðra hefjast þann 16. júlí.

Niðurstöður úr atkvæðagreiðslu ljósmæðra um yfirvinnubannið lágu fyrir í gær. Ríflega þrjú fjórðu félagsmanna greiddu atkvæði og af þeim voru níutíu prósent fylgjandi því að boða til yfirvinnubanns.

„Þetta felur meðal annars í sér að það verður að gera öllum kleift að taka kaffipásu í vinnunni en hingað til hafa þær verið unnar og greiddar í yfirvinnu. Sé ekki hægt að koma kaffipásu við verða ljósmæður að fara fyrir af vaktinni sem pásunni nemur,“ segir Katrín Sif Sigurgeirsdóttir, formaður samninganefndarinnar.

Þá munu ljósmæður ekki taka á sig aukavaktir heldur eingöngu vinna sína vinnuskyldu samkvæmt fyrirbyggjandi vaktaplani. Katrín segir að undanfarið hafi það verið regla en ekki undantekning að þurft hafi að kalla inn manneskjur á aukavaktir. Slíkt verði ekki hægt nú.

„Við höfum stadið í langri og strangri baráttu. Við erum að koma



Ljósmæður sem hættu störfum á Landspítalanum í gær lögðu vinnuskó sína á tröppur stjórnarráðsins til að mótmæla aðgerðaleyfi ríkisins. Níutíu prósent ljósmæðra sem greiddu atkvæði kusu með yfirvinnubanni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

undan gerðardómi og eigum enn inni ógreidd laun úr síðasta verkfalli. Við erum að fara fram á leiðréttingu á launum en ekki launahækkanir umfram aðra líkt og samninganefnd ríkisins hefur talað um,“ segir Katrín.

Næsti fundur í deilunni er boðaður hjá ríkissáttasemjara á fimmtudag. Aðspurð um hve langt sé á milli ljósmæðra og ríkisins, eða hve háar kröfur ljósmæðra séu, segir Katrín að um það ríki trúnaður.

„Við höfum ekki fundið fyrir samningsvilja eða umboði á þessum eina fundi frá því að síðasti kjarasamningur var felldur í atkvæðagreiðslu.“

Sem fyrr segir mun boðað yfirvinnubann, að því gefnu að samningar nást ekki, taka gildi eftir tvær vikur. Katrín segir að ef af því verði muni það hafa mikil áhrif. Tölv ljósmæður á Landspítalanum, sem sögðu upp störfum í vor, unnu sína síðustu vakt í gær. Níu til viðbótar hafa sagt starfi sínu lausu.

„Við vonum af einlægni að það muni ekki koma til yfirvinnubanns. Að sjálfsögðu bindum við miklar vonir við að þau mæti með umboð og vilja og málið verði klárað áður en eitthvað alvarlegt gerist,“ segir Katrín.

„Forstjóri spítalans hefur kynnt

fyrir mér neyðaráætlun sem ætluð er til að bregðast við ástandinu til að tryggja öryggi sjúklinga eins og nokkur kostur er á. Sú neyðaráætlun er unnin í samstarfi við aðrar heilbrigðisstofnanir. Staðan er alvarleg nú og verður alvarlegri ef til frekari aðgerða kemur,“ segir Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðgjafi.

Svandís segir samningaviðræðurnar í höndum samninganefndar ríkisins. Hún viti ekki nákvæmlega hve mikið ber í milli. „Ég sté inn í deilurnar fyrir síðasta samning en honum var hafnað. Ég hef ekki gert það síðan það gerðist,“ segir Svandís. joli@frettabladid.is

Gott fyrir garðinn í Múrbúðinni



20%
AFSLÁTTUR

Moltugerðarkassi
420 L 4.792 -áður 5.990
650 L 6.232 -áður 7.790



20%
AFSLÁTTUR

20m Meister
garðslanga með
tengjum
1.992 -áður 2.490



20%
AFSLÁTTUR

PRETUL údadæla
5 l. Trup 24685
2.312 -áður 2.890



20%
AFSLÁTTUR

Garðkarfa 50L 1.592 -áður 1.990
Garðkarfa 25L 1.272 -áður 1.590



20%
AFSLÁTTUR

Mikið
úrval

Gott verð fyrir alla, alltaf!

MÚRBÚÐIN

Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



„Ég geng ekki
lengur með
þrenn gleraugu.
Ég er frjáls“

Ég sé mig í speglinum og sé andlitin í kringum mig. Allur prentaður texti er Augljós í dag. Alúð, hlýja, traust, fagmennska og fágúð vinnubrögð með fullkominni eftirfylgni eru eftirsóknarverð þegar stór ákvörðun er tekin. Starfsfólk Augljóss skartar öllum þessum kostum.

Áslaug Blöndal

AUGLJÓS
LASER AUGNLÆKNINGAR
ALMENNAR AUGNLÆKNINGAR



Andres Manuel Lopez Obrador á kjörfundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Fyrrverandi borgarstjóri líklega nýr forseti Mexíkó

MEXÍKÓ Talið er að hinn 64 ára gamli Andres Manuel Lopez Obrador, fyrrverandi borgarstjóri Mexíkó-borgar, verði hlutskarpastur þegar talningu atkvæða í mexíkósku forsetakosningunum verður lokið. Tíð morð á frambjóðendum og starfsmönnum framboða settu svartan blett á kosningarnar.

Það var ekki aðeins kosið um forsetastólinn heldur fóru kosningar til efri og neðri deildar þingsins fram samtímis sem og kosningar til borgar- og sveitarstjórna. 88 milljón manns voru á kjörskrá og um 18 þúsund sæti í boði.

Frá því að Mexíkó hlaut sjálfstæði árið 1929 hafa tveir flokkar ráðið þar ríkjum. Fyrstu 70 árin kom það í hlut PRI en síðan þá hefur hófuð-andstæðingur hans, íhaldsflokkurinn PRI, verið við stjórnartaumana. Samkvæmt stjórnarskrá landsins getur forseti aðeins setið í embætti í eitt sex ára kjörtímabil og því var sitjandi forseti, Enrique Piena Nieto, ekki í framboði.

88

milljón manns voru á kjörskrá í kosningunum í Mexíkó.

Obrador, sem yfirleitt er kallaður Amlo, varð annar í forsetakosningunum 2006 og 2012. Í skoðanakönnunum síðustu dagana fyrir kosningarnar í gær hafði hann hins vegar nokkuð öruggt forskot.

Frá því að kosningabaráttan hófst í september hafa 130 frambjóðendur og starfsmenn framboða verið myrtir. Spilling í landinu er mikil og svífast margir einskis til að tryggja að sinn frambjóðandi standi uppi sem sigurvegari.

Fyrstu tölur úr kosningunum lágu ekki fyrir þegar Fréttablaðið fór í prentun. –jóe



Innrituðum nemendum við Háskólann á Akureyri hefur fjölgað gríðarlega mikið síðustu ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

Skoða fjölgun hjúkrunarnema við Háskólann á Akureyri

Menntamálaráðherra vinnur að leiðum til þess að mæta aukinni ásókn í hjúkrunarnám við HA. Mun fleiri sækja um í hjúkrun á Akureyri en í Háskóla Íslands.

MENNTAMÁL Menntamálaráðuneytið vinnur nú að því að fjölga nemum við Háskólann á Akureyri en fjölgun innritaðra nemenda næsta vetur nemur um 30 prósentum frá fyrra ári. Athygli vekur að mun fleiri óska eftir námi í hjúkrunarfræði við HA en Háskóla Íslands en á sama tíma fær HA fjármagn til að taka inn helmingi færri en HÍ.

Um 175 nemendur innrituðust í hjúkrunarfræði við HÍ en aðeins 120 komast að í nám við skólann sökum fjöldatakmarkana. Því getur HÍ tekið tvo af hverjum þremur sem vilja komast að.

Á hinn bóginn sóttu rúmlega 300 nemendur um að komast í hjúkr-

unarfræði við Háskólann á Akureyri. Háskólinn nyrðra hefur hins vegar aðeins bolmagn til að taka við 55 þeirra þrátt fyrir mun meiri ásókn í námið á Akureyri en í Reykjavík.

„Það er gleðiefni að svo margir sækist eftir því að komast í hjúkrunarnám, ekki sist við Háskólann á Akureyri þar sem umsóknum fjölgar ár frá ári,“ segir Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra. „Á vettvangi ráðuneytisins er verið að skoða með hvaða leiðum er hægt að mæta aukinni ásókn í námið og vænti ég að við getum greint frá niðurstöðum þess mjög fljótlega.“

Eyjólfur Guðmundsson, rektor HA, segir mikilvægt að vinna að langtíma stefnumótun um framtíð skólans og hvernig megi fjölga nemendum og starfsfólki því aðsóknin sé mjög góð og skólinn sækir í sig vedrið. „Við höfum bent ráðuneytinu á lausnir við ákveðnum aðkallandi verkefnum sem við teljum mikilvægt að farið verði í. Þeim lausnum var vel tekið innan ráðuneytisins og er vinna hafin við að skoða tillögurnar,“ segir Eyjólfur. „Það er mikil-

Það er mikilvægt að tjalda ekki til einnar nætur heldur vinna að framtíðarlausnum.

Eyjólfur Guðmundsson, rektor HA



Lilja Alfreðsdóttir, menntamálaráðherra

vægt að tjalda ekki til einnar nætur heldur vinna að framtíðarlausnum. Það væri það skynsamlegasta í stöðunni.“

Lilja segir mikilvægt að heilbrigðis-yfirvöld komi að borðinu svo fjölga megi hjúkrunarfræðingum. „Vilji er til staðar bæði hjá skólanum og innan ráðuneytisins til þess að finna hagnafella lausn á þessu og þá fjölga nem-

endum við skólann. Þó verður að hafa í huga að fjöldi ársnema sem komast að í hjúkrunarnáminu fyrir norðan takmarkast líka af fjölda námsstaðna við Sjúkrahúsið á Akureyri,“ bætir Lilja við. „Við Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra höfum rætt þetta og hyggjumst vinna að því í sameiningu að þessi mikilvægu kerfi okkar tali sem best saman. Menntakerfið þarf að eiga í góðu samtali við atvinnulífið, og samfélagið allt. Þannig stuðlum við best að uppbyggingu þess til framtíðar.“

Á fimmta hundrað einstaklingar sækja um nám í hjúkrunarfræðum við íslenska háskóla en aðeins 175 komast að á hverju ári. Á sama tíma hafa stjórnendur heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsa ítrekað gert grein fyrir mönnunarvanda í íslensku heilbrigðiskerfi sem snýr aðallega að skorti á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum. Komið hefur fram í máli Páls Matthíassonar, forstjóra Landspítala, að þessi mönnunarvandi sé svípaður þeim vanda sem heilbrigðiskerfi annarra Vesturlanda eru að kljást við í dag. sveinn@frettabladid.is

MAMMA MIA!



5ÁRA
ÁBYRGÐ

FIAT 500 Á FRÁBÆRU FIAT-SUMARTILBOÐI

TILBOÐSVERÐ FRÁ: 1.990.000 KR. – LISTAVERÐ FRÁ: 2.390.000 KR.



ÚTFÆRSLUR Í BOÐI: POP, LOUNGE, BEINSKIPTUR/SJÁLFSKIPTUR, BLÆJU OG 105 HESTAFLA TWINAIR (TAKMARKAÐ MAGN BÍLA Í BOÐI)

ÍSABAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF · UMBODSADILI FIAT Á ÍSLANDI · WWW.FIAT.IS

ÞVERHOLT 6 · 270 MOSFELLSBÆR · SÍMI: 534 4433 · WWW.ISBAND.IS · OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 · LAUGARDAGA 12-16

Miklu meira en bara ódýrt



ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali

frá 4.995

Hjólafesting á bíl



8.995

Loftdæla OMEGA 12V 30L

frá 1.999



Álskóflur

Sonax hreinsivörur á frábæru verði



4.895

Viðgerðarbretti



Hjólattjakkur 2T m/tösku

3.795



Öflugur háprýstidælur 165Bör 1800W

19.999



Háprýstidæla 1650W

9.999



4.995

Hleðslutæki 12V 6A



6T Búkkar 605mm Par

9.999



frá 1.495

Startkaplar



34.995

Verkfæraskápur á hjólum

79.995

Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum

Mikió úrval af verkfæratöskum

frá 795

Steðjar í miklu úrvali



7.995

1/2 Toppasett



3.995

1/4 Toppasett

Vice Multi angle

6.985



14.995

1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk



5.995

Verkfærasett 108 stk



7.985

Skrall-lyklar 8-17

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



Lunchbox útvarp ryk/regn/frostpólið

24.995



Ruslapokar 10,20,50stk

frá 395



frá 395

Ruslatínur



Hjólbörur 100kg

3.995



Skóflur

frá 995



Frábært úrval af dragböndum/ströppum



Laufahrífur

frá 999



Strákústar

685

Myndlistavörur í miklu úrvali



13.995

Flísa sög 80mm

Scanslib Hverfisteinn

frá 19.995



9.999

Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm



Fjölsög Höfftech

5.999



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



14.999

Hjólsög GMC 1200W



19.995

Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)



16.995

Metabo KS216 bútsög



14.999

SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Opinberar aftökur



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Það er nokkur vandi að vera manneskja enda hendir flesta að misstíga sig á ævinni. Yfirleitt stendur viðkomandi upp eftir að hafa hrasað og heldur áfram að lifa. Hann hefur lært af mistökum sínum og hefur engan áhuga á að endurtaka þau.

Hann vill lifa lífinu sem almennileg manneskja. Þetta er þó ekki reynsla allra því stöðugt berast dapurlegar sögur af einstaklingum sem brjóta af sér, falla og rísa upp en falla síðan aftur. Svo kemur að því að þeir hafa brotið flestar, kannski allar, brýr að baki sér, starfsferlinum virðist lokið, æran er farin og verður ekki svo auðveldlega endurheimt. Hin dapurlega staðreynd er að viðkomandi getur engum um kennt nema sjálfum sér. Það jafngildir þó ekki því að leyfilegt sé að efna til opinberrar aftöku á honum.

Það hefur aldrei þótt stórmannlegt að sparka í liggjandi mann. Samt er hneigðin til þess afar áberandi á samtíma okkar. Það er engu líkara en það þyki sjálfsgat mál að brennimerkja rækilega einstakling sem hefur brotið af sér eða er talinn hafa farið út af sporinu. Það nægir engan veginn að mál hans fari í ákveðið ferli, slíkt þykir sýna óþarfa mildi og tekur auk þess tíma. Dómstóll götunnar er fljótur að kveða upp úrskurð sinn. Hann er ekkert sérstaklega að kynna sér staðreyndir mála því það kostar óþarfa fyrirhöfn enda telur þessi sjálfskipaði dómstóll þær liggja fyrir. Þegar ofsinn hjá dómstóli götunnar er sem mestur er engu líkara en hópur hrægama hafi steipt sér yfir bráð sína í þeim tilgangi að rífa hana á hol. Hrikaleg dæmi finnast um mótmæli og múgsefjun vegna ásakana sem engin stoð reyndist síðan fyrir. Þá fer ansi lítið fyrir iðran þeirra sem hæst létu.

Dómstóll götunnar tekur sér umboð til að fordæma og virðist beinlínis ætlast til að einstaklingi eða einstaklingum sem brjóta af sér sé útskýfað úr mannlegu samfélagi. Það skiptir engu þótt viðkomandi iðrist opinberlega og segist vilja taka sig á. Hann á ekki að fá vinnu í sínu fagi og glími hann við fikn er sá sjúkdómur sagður vera eins og hver annar kvilli sem hann hefði átt að hrista auðveldlega af sér fyrir löngu.


Hinar sjálfskipaðu refsinnir tala síðan eins og allir sem vilja ekki taka þátt í æsingafullri fordæmingu þeirra séu að leggja blessun sína yfir brotin sem hafa verið framin. Það er alls ekki svo. Sannarlega verður hver og einn einstaklingur að taka afleiðingum gjörða sinna, en það jafngildir ekki því að aðrir eigi að láta það eftir sér að breytast í lýð sem gefur sig múgæsingu á vald.

Það munu alltaf verða til hópar sem stunda opinberar aftökur. Það er mikilvægt að þeim séu send þau skilaboð að slíkt sé ekki í lagi. Þessum hópum má ekki mæta með þögn. Þeir gætu auðveldlega túlkað þá þögn sem samþykki og færst enn í aukana. Á því þurfum við sist að halda.



Dómstóll götunnar tekur sér umboð til að fordæma og virðist beinlínis ætlast til að einstaklingi eða einstaklingum sem brjóta af sér sé útskýfað úr mannlegu samfélagi.

Halldór



Frá degi til dags

Léttir strengir

Það er sjaldgæft, en þó ekki óþekkt, að fólk innan báknsins slái á léttu strengi í texta sem frá hinu opinbera fer. Sem dæmi um slíkt má nefna héraðsdóm frá árinu 2011 þar sem starfsmaður fiskvinnslu féll um hnýttan kaðal og vildi fá bæt看ur vegna tjóns síns. Héraðsdómari sýknaði útgerðina með þeim röksemdum að verkið hefði verið einfalt og starfsmaðurinn hefði verið „öllum hnútum kunnugur“. Hæstiréttur staðfesti dóminn með vísan til forsendna hans en óvist er hvort dómurum hafi verið hlátur í hug vegna grinsins.

Óhefðbundið svar

Sambærilegt dæmi má sjá í svari forseta Alþingis við fyrirspurn Björns Levis Gunnarssonar um óskráðar reglur og hefðir um störf þingmanna. Fyrirspurnin var tilkomin eftir að Steingrímur J. Sigfússon sagði að ýmsar óskráðar reglur og hefðir giltu um störf þingmanna. Kom það nokkrum á óvart og vildu þeir fá þessar reglur útlistaðar. Svarið tiltekur nokkrar slíkar en að ekki sé hægt að telja þær upp með tæmandi hætti. Segir þar enn fremur að „afar óhefðbundið [væri] að gera óskráðar hefðir og venjur skráðar með svari við fyrirspurn“. Líklegt verður að teljast að höfundur svarsins hafi flissað pinu yfir eigin myndni er svarið var ritað. joli@frettabladid.is

Ísland axlar ábyrgð



Guðlaugur Þór Þórðarson
utanríkisráðherra

Í síðustu viku náðist samstaða í ríkjahópi Vesturlanda hjá Sameinuðu þjóðunum um að Ísland gefi kost á sér til að taka það sæti sem losnadi í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna við úrsögn Bandaríkjanna. Þetta þýðir að Ísland verður, ef að líkum lætur, eitt í kjöri í aukakosningum til ráðsins sem haldnar verða í allsherjarþinginu um miðjan mánuðinn.

Ísland hefur ekki áður setið í mannréttindaráðinu en hefur aftur á móti látið að sér kveða í krafti áheyrnaraðildar. Sjálfur ávarpaði ég ráðið, fyrstur íslenskra utanríkisráðherra, í febrúar í fyrra og fyrr á þessu ári fór ég aftur til Genfar í sama tilgangi.

Framganga Íslendinga í mannréttindamálum hefur vakið athygli. Við höfum reynt ötulir talsmenn kynjajafnréttis og réttinda hinsegin fólks. Auk þess höfum við verið í broddi fylkingar ríkja sem vekja athygli á slæmu ástandi mannréttindamála á Filippseyjum. Þau mál komu síðast til umfjöllunar fyrir tæpum tveimur vikum þegar fastafulltrúi Íslands talaði í nafni næstum fjórutíu aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna. Slagkraftur slíkra skilaboða er auðvitað þeim mun meiri sem samstaðan um þau er viðtækari.

Sjálfur vakti ég athygli á því í ávarpi mínu í lok febrúar að það skyti skökku við að Filippseyjar, Sádi-Arabía, Venesúela og Egyptaland ættu sæti í mannréttindaráðinu, ríki sem reglulega væru gagnrýnd fyrir mannréttindabrot. Brýnt er að gera umbætur á starfi ráðsins. Þótt ekki sé öruggt að árangur náist mun Ísland beita sér í þá vör og þannig stuðla að því að gera mannréttindunum enn herra undir höfði á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.


Ísland mun taka skýra afstöðu í mannréttindaráðinu en um leið miðla málum í þágu mannréttinda. Ég tel Ísland vel undir það búið að axla þá ábyrgð. Því ber að fagna að Íslandi gefist tækifæri til að láta gott af sér leiða með svo afgerandi hætti. Má rífa upp í þessu samhengi að sjöttu ár eru nú liðin frá samþykkt mannréttindafyrirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Hún er auðvitað hornsteinninn sem byggt er á, tímamóta-skjal sem vert er að halda í heiðri.



Auk þess höfum við verið í broddi fylkingar ríkja sem vekja athygli á slæmu ástandi mannréttindamála á Filippseyjum.

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Stendur undir nafni



FRÉTTABLAÐIÐ



FRÉTTABLAÐIÐ APP



FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Rigningarlandið

Í DAG

Guðmundur Steingrímsson



Það sem ég skrifa núna þurfa Austfirðingar og Norðlendingar ekki endilega að lesa, nema þeir vilji finna til innilegrar gleði yfir óförum og óánægju Reykvíkinga. Ekki er útilokað að það þyki skemmtilegt. Málið er þetta: Eftir langan vetur vorum við öll hér á höfuðborgarsvæðinu farin að hlakka til þess að sumarið kæmi. Var til of mikils mælt að sólin léti sjá sig í nokkra daga? Áttum við ekki skilið að fá smá D-vítamín í kroppinn?

Ég sé mjög eftir því á þessari stundu að hafa ekki látið verða af áformum mínum, að lokinni þingmennsku, um að stofna sólbaðsstofuna Brúna framtið. Fregnir berast af því um þessar mundir að sólbaðsstofur í Reykjavík séu að mala gull. Þetta er raunar atvinnurekstur sem flestir héldu að væri ekki lengur til, að allir sem áður ráku sólbaðsstofur og vídeóleigur væru núna komnir í Airbnb, en það er greinilega ekki raunin. Ennþá lifa þau í hliðargötum í iðnaðarhverfum þessi útfjólubláu musteri níunda áratugarins. Rigningartíðin í júní, fimm þurrir dagar, dregur þannig fram hliðar á mannlífina sem áður voru huldar. Út um allan bæ sætir fólk lagi við að slá blettinn. Fólk sýnir á sér alveg nýjar hliðar. Þurrt var í höfuðborginni á fimmtudagsmorgun, um klukkustundarskeið. Ég veit um manneskju sem var sigri hrósandi allan daginn yfir að hafa náð að slá þá, klukkan átta um morgun. Ég var of seinn.

Svik

Fregnir berast af því að vísindalegar rannsóknir sýni að langvarandi rigning hafi áhrif á sálarlíf fólks. Fyrir því eru beinhörð líffræðileg rök, sem varða hormónabúskap líkamans og skort á sólarljósi. En jafnframt vil ég leyfa mér að halda því fram að skortur á sól í júní hafi sérstök áhrif á sálarlíf manns sem Íslending. Manni finnst eins og maður hafi verið svikinn. Dillinn er sá, á þessu landi, að maður þraukar yfir vetrarmánuðina og myrkríð. Maður lætur suðvestanstorminn berja sig í framan, maður göslast í slyddu, maður æpir framan í lárétt haglélið og maður lifir af. Í þeirri von að sumarið komi. Að lóan komi með vorið. Að maður geti lagst í mosa – þurran mosa – við sumarsólstöður, úti-tekinn í framan eftir dag í sólinni, og notið lækjarniðar. Að sumarið nærri mann nýjum krafti og nýrri von, áður en veturinn kemur aftur. Að sumarið skuli láta svona, að það rigni á mann endalaust, er ekki það sem lagt var upp með. Það er ekki þælingin með að búa hérna.

Þess vegna er það líka iðulega þannig, að eftir langvarandi vætu- tíð að sumarlagi koma þær yfirleitt fljótt fréttirnar um að Íslendingar flýi land. Eða flýi austur. Eða norður. Höfuðborgarbúar gerast veðurfarslegir flóttamenn. Einhver sagði mér samt einu sinni að besta veðrið á Íslandi væri þrátt fyrir allt á höfuðborgarsvæðinu. Þetta sýndu mælingar. En svona málflutningur skiptir engu máli. Hann sýnir raunar hversu átakanlega tilgangslausir, ef ekki móðgandi, svona meðaltalsútreikningar geta verið. Að hitatölur séu hærri í Reykjavík en annars staðar yfir árið er ekki það sem maður vill. Að kaupmáttur hafi aukist heilt yfir.

Að lífskjör hafi batnið í heildina. Allt svona tal er innihaldslaut hjóm ef maður fær ekki sól á sumrin.

Ferðasumarið

„Það er frábært að strákarnir eru komnir heim,“ sagði úrvinda og hundvotur aðili í ferðapjónustu stundarhátt og dæsandi á förnum vegi um daginn. Júnímánuður er búinn að vera ömurlegur fyrir við-

skiptin. Ekki bara hefur rigningin á Suðurlandi sett strik í reikninginn heldur hefur fólk meira og minna verið bundið við sjónvarpið að horfa á landsliðið. Íslendingar alla vega. Ferðasumarið er varla hafið. Og það er kominn júlí. Brottfall Íslendinga úr HM leysir mögulega hálfan vanda og fólk fer að ferðast. Nú þarf bara að stytta upp.

Ég þykist vita að Norðlendingum og Austfirðingum, á stuttbuxum

sínum og stuttermabolum, þyki þessi skrif mín bera reykvisku vælukjóðeli augljóst vitni. Getur maðurinn ekki bara farið í regnstakk? Úlpu? Jú, vissulega er það hægt. Vissulega er vel hægt að stunda útivist og vera hamingjusamur í rigningu, kulda og roki. Það er hægt að kyngja vonbrigðum sínum. Það er líka hægt að fara í sund. Í lauginni er blautt hvort sem er.

En vætutiðin, og deyfðin sem henni óneitanlega fylgir – og skrásett hefur verið vísindalega – er manni þó alltaf vitnisburður um þennan veruleika sem felst í því að vera Íslendingur. Nálægðin við náttúruna er alltumlykjandi. Hún stjórnar stemningunni. Hún stjórnar efnahagslífinu. Hún hefur áhrif á það hvernig fólk líður. Í gær kom sól í hálf tíma í Borgarfirðinum. Ég var þar. Ég gleymi því aldrei.



LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 36. STARFSÁR
HALLGRÍMSKIRKJA FRIENDS OF THE ARTS SOCIETY 36TH SEASON



ALÞJÓÐLEGT ORGELSUMAR Í HALLGRÍMSKIRKJU

THE INTERNATIONAL ORGAN SUMMER IN HALLGRÍMSKIRKJA

16. JÚNÍ – 19. ÁGÚST 2018 / JUNE 16 – AUGUST 19 2018

Hádegistónleikar á miðvikudögum kl. 12
Lunchtime concerts on Wednesdays at 12 noon

Schola cantorum


Schola cantorum, kammerkór Hallgrímskirkju, sem hlotið hefur ýmsar viðurkenningar og verðlaun fyrir tæran og vandaðan söng sinn, býður nú upp á sumartónleika sína í 10. sinn. Á efnisskrá Schola cantorum í sumar verða innlendir og erlendir kórperlur frá ýmsum tímum, m.a. eftir Mozart, Bruchner, Byrd og Mendelssohn. Hið tilkomumikla Klais-orgel mun stundum koma við sögu og af og til mun einsöngvari úr röðum kórfélaga hefja upp raust sína. Schola cantorum var valinn Tónlistarflutjandi ársins flokki sigildrar og samtímatónlistar á Íslensku tónlistarverðlaunum 2017. Stjórnandi kórsins frá upphafi er Hörður Áskelson.

Schola Cantorum, the prize winning chamber choir of Hallgrímskirkja is celebrating its 10th season of the popular Wednesdays Lunchtime Summer Concert this summer. The choir sings various beautiful music from their repertoire, both Icelandic choral pearls as well as famous choral works by Byrd, Bruchner, Mozart (Ave verum) and Mendelssohn, occasionally accompanied by the great Klais organ. Conductor is Hörður Áskelson, Music Director of Hallgrímskirkja.



LISTVINAFELAG.IS SCHOLACANTORUM.IS


Helgartónleikar
með alþjóðlegum konsertorganistum
Weekend concerts
Saturday at 12 noon and Sunday at 5 pm
with international concert organists



- 16th / 17th June Eypór Franzson Wechner, Blönduós Church
- 23th / 24th June Björn Steinar Sólbergsson, Hallgrímskirkja, Reykjavík
- 30th / 1st July Irena Chřibková, St James Basilica, San Sebastian, Spain
- 7th / 8th July: Winfried Böinig, Cologne Cathedral, Germany
- 14th / 15th July: Loreto Aramendi, Santa Maria Basilica, San Sebastian, Spain
- 21st / 22nd July: Thierry Escaich, Saint-Etienne-du-Mont, Paris, France
- 28th / 29th July: Thierry Mechler, Cologne Philharmonics, Germany
- 4th / 5th August: Elke Eckerstorfer, St. Augustin Church, Vienna, Austria
- 11th / 12th August: Hans-Ola Ericsson, Organ professor at McGill in Montreal, Canada
- 19th August: Hannfried Lucke, Mozarteum University, Salzburg, Austria.

Hádegistónleikar á fimmtudögum kl. 12
Lunchtime concerts on Thursdays at 12 noon

- 21st June Baldvin Oddsson trumpet and Steinar Logi Helgason organist of Háteigskirkja, Reykjavík
- 28th June Elísabet Þórðardóttir, organist at Kálfatjarnarkirkja, Hafnarfjörður
- 5th July Kitty Kovács, organist of Landakirkja, the Westmann Island
- 12th July Pamela Sensi flute, Steingrímur Þórhallsson organist of Nesirkirkja
- 19th July Þórunn Elín Pétursdóttir soprano and Lenka Mátéová organist of Kópavogskirkja, Kópavogur
- 26th July Lára Bryndís Eggertsdóttir, organist, Reykjavík
- 2nd August Kári Þormar, organist of Reykjavík Cathedral
- 9th August Friðrik Vignir Stefánsson, organist of Seltjarnarnes Church
- 16th August Jónas Þórir Jónasson, organist of Bústaðakirkja, Reykjavík



Miðasala við innganginn 1 klst fyrir tónleika og á midi.is
Ticket sales at the entrance 1 hr before the concerts and online www.midi.is
Hádegistónleikar / Lunchtime concerts – 30 min: 2000 ISK - Schola cantorum – 30 min: 2500 ISK
Sunnudagstónleikar / Sunday concerts – 60 min: 2500 ISK
Listvinir frá ókeypis inn á orgeltónleika sumarsins

Artistic Director: Hörður Áskelson - Manager: Inga Rós Ingólfssdóttir mob. 696 2849
Concert Manager 2018: Gunnar Andreas Kristinsson mob. 865 5815



Fjölnismenn komnir upp úr fallsæti



Dramatik í Grafarvoginum Pepsi-deild karla fór aftur af stað í gær eftir nokkuð langt hlé vegna heimsmeistaramótsins í Rússlandi. Í Grafarvogi hafði Fjölnir betur gegn Fylki, 2-1, og lyfti sér þar með upp úr fallsæti. Þetta var fyrsti sigur Fjölnis í rúman mánuð. Öll mörkin komu á síðustu fimm mínútunum. Miðverðir Fjölnis, Bergsveinn Ólafsson og Torfi Timoteus Gunnarsson, skoruðu mörk Grafarvogslíðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Finnar henta okkur ágætlega

